



Skýrsla frá 33. ráðstefnu AEFCA,
evrópska knattspyrnuþjálfarafélagsins
í Króatíu 18. – 22. nóvember 2012

Sigurður Þórir Þorsteinsson
Ómar Jóhannsson

33. ráðstefna evrópska knattspyrnuþjálfarafélagsins var vel heppnuð, þökk sé gestgjöfnunum

Fyrsta ráðstefna AEFCA á Balkanskaganum var haldin í Split í Króatíu 18. – 22. nóvember s.l.

Fredi Fiorentini, varaforseti AEFCA var aðalhvatamaðurinn að halda ráðstefnuna þar, með miklum stuðningi knattspyrnusambandsins í Króatíu (HNS).

Það voru um 240 þjálfarar frá 60 mismunandi löndum sem komu á ráðstefnuna og þar á meðal um 50 frá Króatíu og sáu mjög áhugaverða viðburði, fyrirlestra og góðar æfingar utandyra. Viðfangsefni ráðstefnunnar var „Modern aspects of football coaching“ Nútíma aðferðir við þjálfun.

Dagur eitt -Leikgreining á evrópukeppninni og Olympíuleikunum árið 2012.

Formaður Króatíska þjálfarafélagsins, Davor Suker, framkvæmdastjóri evrópska þjálfarafélagsins, Karlheinz Raviol kynntu hvað færi fram á ráðstefnunni, Einnig sögðu þeir að kynntar verðar skýrslur frá tæknihópunum „the technical study groups“ um þessi tvö alþjóðlegu stórmót.



Fyrir hönd UEFA leikgreindi Dusan Fitzel, tæknistjóri tékkneska knattspyrnusambandsins evrópukeppnina árið 2012 í Póllandi og Úkraníu.

Dany Ryser, yfirmaður svissnesku yngri landsliðanna kom fyrir hönd FIFA og sagð frá Olympíuleikunum í karla og kvennaknattspyrnu sem fóru fram í nágrenni London síðasta sumar.

Þeir voru báðir með mjög áhugaverða nálgun á þessum stórviðburðum og enduðu fyrirlestra sína á því að tala um hvað þjálfarar geta lært á þessum mótum sem þeir geta nýtt í starfi sínu.

In Abdel Moneim Moustafa Hussein (eða einfaldlega „Shatta“ eins og fjölmargir vinir hans kalla hann) talaði í fyrsta skipti um Afríkuleikana. Hann dró upp mjög áhugaverða mynd af þróun knattspyrnunnar í Afríku þar sem einblínt var á áskoranir í afreksþjálfun og um þjálfaramenntun. Hann, Dusan Fitzel og Dany Ryser voru síðan í pallborðsumræðum þar sem efnið var : Framtíð knattspyrnunnar „Future of football“.

Dagur tvö – Aðaláherslan á „Króatísku aðferðina“.

Til að fagna 100 ára afmæli króatíska knattspyrnusambandsins var 20. nóvember tileinkaður „Króatíska deginum“ þar sem þáttakendum var sagt frá þróun króatísku knattspyrnunnar. Zorislav Srebric yfirmaður króatísku landsliðanna fór yfir hvernig knattspyrnan í Króatíu hefur verið síðustu 100 árin, hæðir og lægðir.

Núverandi landsliðsþjálfari Króatíu, Igor Stimac fór yfir stöðuna með landsliðinu, hvað er framundan og þá sérstaklega með tilliti til leikjanna sem eru framundan í riðlakeppni fyrir lokakeppni HM í Brasilíu 2014.

Seinna efnið á þessum degi var pallborðsumræður um stöðu knattspyrnunnar en í þeim tóku þátt, Igor Stimac og starfsbræður hans frá Slóveníu og Svartfjallalandi ásamt knattspyrnugoðinu Ivan Ozim frá Bosníu og Herzegovínú.

Tvær verklegar æfingar voru á ráðstefnunni sem voru haldnar í höfuðstöðvum Hajduk Split sem aðalþjálfari HNK Hajduk Split, Miso Krsticevic og þjálfari U19 landsliðs karla hjá Króatíu, Dinko Jelacic stjórnðu mjög fagmannlega.

Dagur þrjú – Topp gæðin héldu áfram.



Það sem stóð tvímælaust upp úr á þessum þriðja degi var klálega stórkostlegur fyrirlestur Bob Roways's frá Belgíu. Fyrirlestur hans var um belgíska sýnina á þróun yngri flokka þar í landi. Sá fyrirlestur skýrði út hvers vegna svona tiltölulega fámenn Evrópuþjóð hefur tekist að „framleiða“ svona marga stórkostlega hæfileikaríka leikmenn.

Sérfræðingurinn Robin Russel frá enska knattspyrnusambandinu sem hefur líka unnið fyrir UEFA sýndi ráðstefnugestum að ýmsir hafa verið duglegir að læra í gegnum netið og fá ýmsar gagnlegar upplýsingar þar. Má þar

nefna þjálfaranámskeið og ýmsa fróðleiksmola um þjálfun. Spurði Robin Russel ráðstefnugesti að því hvort þeir vilji vera fórnarlömb eða sigurvegarar. Að sjálfsgöðu vilja allir vera sigurvegarar.

Að lokum var haldinn fundur með aðildarþjóðum evrópska knattspyrnuþjálfarafélagsins, AEFA þar sem farið var yfir svör þjóðanna en spurningar höfðu verið sendar áður og var unnið úr þeim á fundinum um framtíð félagsins. Áhugaverð dagskrá ráðstefnunnar endaði þar með.

Sigurður Þórir Þorsteinsson

Ómar Jóhannsson